



SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

Þórunnartúni 6, 105 REYKJAVÍK - SÍMI 551 8150 - FAX 562 7131
NETFANG skog@skog.is - VEFFANG skog.is

Stjórnarfundur Skógræktarfélags Íslands Haldinn í Þórunnartúni 6, mánudaginn 13. maí 2019 kl. 16:30.

(Fundur nr. 9. frá Hellu)

Mætt: Laufey Hannesdóttir, Valgerður Auðunsdóttir,
Jens B. Baldursson, Sigrún Stefánsdóttir, Þuríður Yngvadóttir,
Páll Ingbór Kristinsson á skype, Brynjólfur Jónsson og Aðalsteinn
Sigurgeirsson (sem tók fundargerð). Auk þess kynnti Ragnhildur
Freysteinsdóttir nýja vefsíðu.

Dagskrá fundar

1. Fundargerð síðasta stjórnarfundar

Samþykkt.

2. Ný heimasíða opnuð www.skog.is

Ragnhildur setti nýja vefsíðu Skógræktarfélags Íslands í loftið, unnin af fyrirtækinu „Allra átta“.

3. Rótarskot

Búið er að taka frá 15 þúsund birkiplöntur sem tilbúna eru í verkefnið. Áformuð gróðursetning: fyrir miðjan júní. Björgunarsveitirnar verði með mannskap og vakin athygli á gróðursetningu í fjölmiðlum. Sett verði upp skilti síðar í sumar og afhjúpum í haust og á sama tíma verði gróðursetning (og aftur verði vakin athygli fjölmiðla). Eina gagnrýnin sem komið hefur frá félögunum er að allt eigi að fara á Hafnarsand (en ekki í sem flestum landshlutum). JG leggur til að stilla þessu upp þannig að skógræktarfélög og björgunarsveitir á hverju svæði finni reiti til þess að gróðursetja í á hverju ári.

4. Ný skógræktarlög

voru samþykkt með öllum greiddum atkvæðum. Því miður náðust breytingatillögur SÍ ekki í gegn 2. maí s.l. Raunar urðu fremur litlar breytingar á endanlegum lögum frá frumvarpi því sem kynnt var fyrir 1. umræðu.

5. Eignaskiptasamningur við Skáta undirritaður

Gengið var frá endurskoðuðu samkomulagi og undirskrift milli þriggja eigaenda á Úlfjótuvatni. Eldra samkomulag var undirritað 27. júní 2012 en núverandi samkomulag er dagsett. 2. mars. 2019.

Samkomulagið tekur á helstu samskiptaþáttum, kvöðum og samningum sem hvíla á jörðinni, meðferð skipulagsmála, tekjuskiptingu, kostnaðarskiptingu og úrlausn ágreinings.

6. Afmælisár 2020

BJ spyr hvort setja eigi af stað afmælisnefnd fyrir 90 ára afmæli SÍ. Lagt er til að afmælisins verði minnst á Úlfjótuvatni 26. júní 2020.

7. Önnur mál

Aðalfundur, Mosfellsbæ, 2020. Rætt var um leiðir til þess að ná niður kostnaði.

Grímsness- og Grafningshreppur vill fá færða fjárrétt nær veginum en nú er. Austarlega í landi Úlfjótsvatns er grasfláki við gamla veginn sem auðvelt er að komast að og aðgangur að vatni. Þar vill sveitarfélagið fá einn hektara undir nýja rétt. JG og BJ tóku vel í málið á fundi. Stjórn SÍ veitir formanni og framkvæmdastjóra umboð til þess að ganga frá málinu.

Bóndann á Villingavatni vantar vélageymslu. Útihús og skemma á Úlfjótuvatni gætu nýst honum. Til greina kemur að leigja honum húsnæði undir vélarnar sem næmi a.m.k. fasteignagjöldum. Stjórn SÍ veitir formanni og framkvæmdastjóra umboð til þess að ganga endanlega frá málinu.

Vatnaráð. Laufey Hannesdóttir tilnefndur fulltrúi SÍ í ráðinu, enda er hún sérfræðingur í málaflokknum.